

allir, sem hafa vilja opin augu, fái gengið úr skugga um að mótspyrni mín og annara, er sömu stefnu vilja fylgja í kristindómsmálum, er hvorki ranglæt nje ástæðulaus.

Nafnið á bók Asperheims er: *Missouri-synoden og den norske Synode*, og stærð hennar er nærri því 200 blaðsíður í stóru átta-blaða broti. Fyrst er fluttur sögulegur inngangur um það, hvernig Missouri-synódan er til orðin. Svo er greinilega og vel lýst hinu skakka og kristindóminum andstæða í kenning hennar. Deilir hann efni sínu í fjóra aðalkafla, og leggur þar til grundvallar útsetningar þær á guðfræðis-stefnu Missouri-synóduunnar, sem hann lagði fram fyrir prestafundinu í Milwaukee. Í fyrsta kaflanum talar hann um hina hættulegu tillneiging þessarar stefnu, til að búa til trúarlærdóma og gjöra þá síðan bindandi fyrir samvisku manna. Það munu sumir Íslendingar hjer kalla „kreddu-slátt“, en Asperheim nefnir það „dogmatisk Overdannelse“. — Í öðrum kaflanum talar hann um það, hvernig þeir Missourimenn aflagi fjmsa hinna mestvarðandi trúarlærdóma kristindómsins, svo að þeir jafnvel verði að beinum og háskalegum trú-
arvillum. Þetta nefnir hann „dogmatisk Misdan-nelse“. — Þriðji kaflinn hljóðar um þá villu-stefnu Missouri-guðfræðinnar, sem fólgin er í því að setja manna-setningar ofar guðs heilaga orði í ritningunni. Þetta, sem ávallt hefir talið verið eitt af hinum ókristilegustu einkennum páfakirkjuunnar, er í vísindalegu máli almennt kallað „traditionalismus“, enda hefir þessi kaflí bókariunnar þá yfirskript. — Í fjórða kaflanum talar hann um það kærleiksleysi og ranglæti, sem